

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Deiliskipulag miðbæjar – deiliskipulagsbreyting vegna stækkunar íþróttahúss.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 14. nóvember 2024 deiliskipulagsbreytingu vegna stækkunar íþróttahúss á miðbæjarsvæði. Breytingartillagan nær til samfélagsþjónustusvæðis S6 þar sem grunnskóla og íþróttahús er að finna. Markmið breytingarinnar er að skipta upp lóðum grunnskóla og íþróttahúss í tvær lóðir, tilfærsla á lóðamörkum innan reitar, flutningur á byggingarreit á lóð Breiðamerkur 24, flutningur byggingarreitar við íþróttahús svo að hann rúmi stækkun á íþróttahúsi með löglegum keppnisvöllum og aðkomubyggingu sem og breytingar á fyrirkomulagi og fjölda bíla-stæða. Nýtingarhlutfall verður óbreytt 0,6 á reitnum í heild í samræmi við skilmála aðalskipulags. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 18. nóvember 2024.

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2024